

Alþingi
Erindi nr. D 139/1939
komudagur 4.4.2011



Nefndasvið Alþingis
Bt. Iðnaðarnefnd Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum 4. apríl 2011

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020, 467. mál.

Markaðsstofa Austurlands vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við þingsályktunartillögu um ferðamálaáætlun 2011 – 2020.

Markaðsstofa Austurlands

Markaðsstofa Austurlands er sjálfseignarstofnun í eigu ferðaþjónustuaðila og sveitarfélaga á Austurlandi og hefur það meginmarkmið að efla og styrkja ferðaþjónustu sem atvinnugrein á Austurlandi og fjölga ferðamönnum allan ársins hring, meðal annars með útgáfu markaðsefnis og að veita forstöðu Upplýsingamiðstöð Austurlands.

Markaðsstofa Austurlands fagnar þeirri auknu áherslu sem ferðaþjónusta hefur fengið sem vaxandi og miklvæg atvinnugrein, þeirri framtíðarsýn og meginmarkmiðum sem sett er fram með tillögu að þingsályktun um ferðamálaáætlun 2011 – 2020. Sérstaklega ber að fagna þeirri áherslu sem lögð er á betri dreifingu ferðamanna um landið, Markaðsstofan hefur lengi leitast við að vekja athygli á þeim halla sem verið hefur á fjarsvæði höfuðborgarinnar í stærri markaðsverkefnum studdum af opinberum framlögum.

Í þriðja kafla þingsályktunarinnar um vörupróun og nýsköpun er fjallað um stoðkerfi ferðaþjónustunnar. Markaðstofan tekur heilshugar undir þau sjónarmið sett eru fram í c-lið varðandi stoðkerfi ferðaþjónustunnar og d-lið þar sem fjallað er um forgangsröðun verkefna. Varðandi a- og b-liði þá eru samstarfsverkefni, hvort sem þau kallast klasar eða annað, ávallt af hinu góða. Engu að síður verða stök verkefni sem sýna fram á djörfung og gott frumkvæði einnig að eiga möguleika á styrkjum því í raunverulegri nýsköpun er oft byggt á hugmyndum sem eru ekki endilega fallnar til klasamyndunar í upphafi og beiting slíkrar hugmyndafræði kann jafnvel að skaða framgang þeirra.

Kaflinn um áherslur landshlutanna sem lýst er í meðfylgjandi ferðamálaáætlun undir liðnum 1.4, og á að einhverju leyti að lýsa sérstöðu svæðanna, er hins vegar afar takmarkaður. Á Austurlandi hefur verið unnið með skilgreinda sérstöðu svæðisins um árabíl, en hún var strax árið 2002 felld í fimm flokka: Gönguleiðir, menningu, hálendi, ævintýri (útivist og veiðar) og firði. Stefnumótun ferðamála er lifandi ferli og tekur sífelldum breytingum, svo hefur einnig verið raunin á á Austurlandi. Upptalningin um Austurland sem og aðra landshluta lýsir einungis litlu af því sem unnið hefur verið að síðustu árin og er farið að skila árangri. Náttúra, menning og matur ásamt grósku í handverki ramma inn vöxtinn í

ferðaþjónustu á Austurlandi síðustu árin. Þá hefur verið sívaxandi áhersla á vetur og vor, ekki hvað síst á ævintýraferðir, skíði og jaðariþróttir tengdar vetri. Nýting fjárfestinga í ferðaþjónustu versnar mjög með vaxandi fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og er þar mikið verk að vinna að auka arðsemi fjárfestinga með því að fjölga ferðamönnum utan 8 vikna tímabils um miðbik sumars. Sú áhersla sem lögð er á að dreifa betur ferðamönnum er því góð viðleitni.

Söfn og setur er að finna um allt land og oft fyrst og fremst á forsendum frumkvöðla sem komu á viðkomandi setri óháð því hvort viðfangsefni væri raunveruleg sérstaða svæðis, heldur fremur á grundvelli áhugasviðs viðkomandi frumkvöðuls og dugnaðar við að afla fjármagns til verksins. Í umfjöllun um landshlutann er þó sérstaklega tvennt sem vantar. Annars vegar er það hálandið, sem reyndar vantar að gerð séu almennt skil, og Vatnajökulsþjóðgarður en þar sjá Austfirðingar mikla möguleika í ferðaþjónustu, ekki síst á jaðartímabilum og að vetri, s.s. við Snæfell og í Kverkfjöllum enda aðgengi gott alla leið inn að jökli. Hitt atriðið er sá góði alþjóðaflugvöllur sem er á Egilsstöðum en er lítið notaður sem slíkur þrátt fyrir að hann gefi færi á að dreifa betur ferðamönnum um landið. Austurland á því ekki eingöngu ferjuhöfn á Seyðisfirði heldur einnig millilandaflugvöll með afburðar aðflugsskilyrðum. Markaðssetning og betri nýting á flugvallarmannvirki á Egilsstöðum gætu í framtíðinni vegið upp fjarlægðina frá höfuðborgarsvæðinu sem er í senn stærsta tækifærið og ógnin fyrir ferðaþjónustu á Austurlandi.

Að öðru leyti fagnar Markaðsstofa Austurlands þeirri þingsályktun sem hér er lögð fram og meðfylgjandi ferðamálaáætlun 2011-2020. Hlutur markaðsstofa landshlutanna í þessari áætlun sýnir að ákveðin framsýni fylgi stofnun Markaðsstofu Austurlands árið 2000 þó að nú þurfi enn á ný að stokka upp í stoðkerfinu og þetta raðirnar til að ná betri árangri í framtíðinni.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd Markaðsstofu Austurlands

Ásta Þorleifsdóttir

Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Austurlands

astathor@east.is

gsm 863 1750

www.east.is